



Alþingi  
Erindi nr. P 136/309  
komudagur 4.12.2008

3. des. 2008

Fjárlaganefnd Alþingis  
Gunnar Svavarsson formaður.

Vísað er til bréfs fjárlaganefndar dags. 20. nóvember 2008, þar sem óskað er álits félags- og tryggingamálanefndar á þeim hluta fjárlagafrumvarpsins fyrir árið 2009 sem er á málefnasviði nefndarinnar ásamt tillögum að skiptingu á viðeigandi safnliðum.

Álit nefndarinnar sem og tillögur að skiptingu safnliða sendist hér með.

F.h. félags- og tryggingamálanefndar Alþingis,

---

Hildur Eva Sigurðardóttir  
nefndarritari

FÉLAGS- OG TRYGGINGAMÁLANEFND

# Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2009 (07 Félags- og tryggingamálaráðuneyti).

## Frá félags- og tryggingamálanefnd.

Félags- og tryggingamálanefnd hefur að beiðni fjárlaganefndar fjallað um þann hluta fjárlagafrumvarpsins sem er á málefna sviði nefndarinnar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991, og bréf fjárlaganefndar til félags- og tryggingamálanefndar, frá 20. nóvember 2008.

Á fund nefndarinnar komu fulltrúar félags- og tryggingamálaráðuneytis, Ragnhildur Arnljótsdóttir, Sturlaugur Tómasson og Einar Njálsson.

Heildarútgjöld félags- og tryggingamálaráðuneytis og stofnana þess árið 2009 eru áætluð um 105.754 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 3.274 m.kr. en þær nema 3,1% af heildargjöldum ráðuneytisins.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 12.201 m.kr. og hækka um 1.896 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana munar þar mest um 429 m.kr. til málefna fatlaðra, 114 m.kr. til verkefna í þágu barna og ungmenna, 25 m.kr. til aðgerðaráætlunar um málefni innflytjenda og 20 m.kr. til aðgerða gegn mansali. Á móti koma 300 m.kr. sem eru áætlaðar hreinar vaxtatekjur Atvinnuleysistryggingasjóðs af inneign hjá ríkissjóði vegna óráðstafaðra tekna af atvinnutryggingagjaldi. Einnig hafa rekstrarfjárveitingar ýmissa stofnana sem heyra undir ráðuneytið verið lækkaðar, alls um 18 m.kr. vegna áforma um hagræðingu í rekstrarkostnaði.

Neyslu- og rekstrartilfærslur hækka um 14.197 m.kr. og verða 85.168 m.kr. en eru 71.971 m.kr. í fjárlögum ársins 2008. Þyngst vega 4.107 m.kr. aukin útgjöld til lífeyristrygginga.

Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 5.112 m.kr. og er það 975 m.kr. hækkun milli ára. Þar munar mest um 1.100 m.kr. skuldbindingu ríkissjóðs vegna niðurgreiðslu á vöxtum til lána á leiguíbúðum.

Greiðslur ráðuneytisins samkvæmt samningi við samtök, einkaaðila og sveitarfélög um rekstrarverkefni eru samtals áætlaðar um 3.289 m.kr. árið 2009. Það svarar til 30,7% af rekstrargjöldum ráðuneytisins á árinu 2009.

Nefndin hefur tekið til umfjöllunar og meðferðar þann hluta fjárlagafrumvarpsins sem snýr að nefndinni og leggur ekki til neinar breytingar á þeim hluta sem snýr að félags- og tryggingamálaráðuneytinu og stofnunum þess enda eðlilegt að heildarsýn sé hjá fjárlaganefnd. Fullur skilningur er á því innan nefndarinnar að draga þurfi úr ríkisútgjöldum vegna þess ástands sem nú ríkir og mikilvægt að gera velferðarkerfið sem skilvirkast. Nefndin vekur athygli á að undir ráðuneytið heyra stofnanir sem mikið reynir á í því efnahagsástandi sem nú ríkir og má gera ráð fyrir hækkun framlaga til málaflokka eins og Atvinnuleysistryggingarsjóðs, Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna og til lífeyrisgreiðslna við endanlega afgreiðslu fjárlagafrumvarpsins. Nefndin leggur því áherslu á að lækkun útgjalda í velferðarkerfinu verði haldið í lágmarki og að staðið verði við lögbundin og samningsbundin verkefni. Jafnframt minnir nefndin á að fækkun starfsfólks við núverandi aðstæður leiðir til aukinna greiðslna úr Atvinnuleysistryggingasjóði sem einnig heyrir undir ráðuneytið og skilar því ekki þeim ávinningi sem niðurskurður gerði við aðrar aðstæður. Gæta þarf vel að hag þeirra lífeyrisþega sem hafa einungis grunnlífeyri og hag fatlaðra og barna í því ástandi sem hefur skapast.

Fjárbeiðnir, sem sendar voru til umsagnar félags- og tryggingamálanefndar vegna safnliðarins 07-999-1.90, voru samtals 50 og komu 14 aðilar á fund nefndarinnar. Nefndin leggur til að 31 umsækjandi fái styrk. Nokkrir aðilar sækja um fé til nefndarinnar ásamt því að

vera með fjárveitingar samkvæmt samningi. Telur nefndin eðlilegt að samningar séu gerðir með það í huga að um heildarframlag sé að ræða og úthlutar því að jafnaði ekki til þessara aðila.

Almennt reyndi nefndin að halda þessum lið í lágmarki og er að mestu miðað við óbreyttar fjárveitingar að krónutölu frá árinu 2008 og er flestum nýjum verkefnum hafnað. Að teknu tilliti til framangreinds gerir nefndin meðfylgjandi tillögu um skiptingu safnliða á milli umsækjenda. Nefndin gerir tillögu um úthlutun 87,6 m.kr. eða um 74% af þeim 118,4 m.kr. sem hún hefur til ráðstöfunar samkvæmt frumvarpi, og lætur fjárlaganefnd eftir mismuninn.

Nefndin ítrekar þá skoðun sína að við aðhald og samdrátt í útgjöldum sé þess gætt að draga ekki úr nauðsynlegri velferðarþjónustu.

Guðbjartur Hannesson og Ármann Kr. Ólafsson skrifa undir álitid með fyrirvara vegna setur í fjárlaganefnd. Þá skrifa Pétur H. Blöndal, Árni Þór Sigurðsson og Helga Sigrún Harðardóttir einnig undir með fyrirvara.

Kristinn H. Gunnarsson og Árni Johnsen voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 3. des. 2008.

Guðbjartur Hannesson, form., með fyrirvara,  
Ármann Kr. Ólafsson, með fyrirvara,  
Pétur H. Blöndal, með fyrirvara,  
Jón Gunnarsson,  
Ásta R. Jóhannesdóttir,  
Árni Þór Sigurðsson, með fyrirvara,  
Helga Sigrún Harðardóttir, með fyrirvara.

Ýmis framlög (07-999-190)

Nr.	Umsækjandi	Lýsing á erindi	Fjár- beiðni 2009	Fjárlög 2008	Tillaga
131	ADHD-samtökin	ADHD-samtökin. - Fengu 2,5 m.kr. í fyrra.	12,0	2,5	3,0
147	Aflið systursamtök Stígamóta á Norðurlandi	Aflið, systursamtök Stígamóta á Norðurlandi. Föst fjárlög. - Fékk 2 m.kr. í fyrra.	6,2	2,0	2,0
338	Alþjóðahúsið á Norðurlandi ehf.	Alþjóðahúsið á Norðurlandi ehf., tveir starfsmenn.	11,8		1,0
382	Alþjóðahúsið ehf.	Alþjóðahúsið ehf. - fékk 4,1 m.kr. í fyrra.	20,0	4,1	4,1
205	Barnaheill	Barnaheill, innlend verkefni - fékk 3,5 m.kr. í fyrra.	10,0	3,5	3,5
446	Blátt áfram, forvarnaverkefni	Blátt áfram, forvarnaverkefni - fékk 3,5 m.kr. í fyrra.	61,3	3,5	4,0
783	Blindrafélagið	Blindrafélagið - fékk 10 m.kr. í fyrra.	25,0	10,0	10,0
215	Daufblindrafélag Íslands	Daufblindrafélag Íslands, styrkur - fékk 1,2 m.kr. í fyrra.	7,3	1,2	1,2
112	Ekron, félagasamtök	Ekron, áfangageimili.	40,0		0,0
112	Ekron, félagasamtök	Ekron, starfsþjálfun og endurhæfing. Fékk 4 m.kr. í fyrra.	85,0	4,0	0,0
413	Ellimálanefnd þjóðkirkjunnar	Ellimálanefnd þjóðkirkjunnar, sumarorlof eldri borgara - fékk 1 m.kr. í fyrra.	1,5	1,0	1,0
337	Félag áhugafólks um Downs-heilkenni	Félag áhugafólks um Downs-heilkenni - fékk 0,5 m.kr. í fyrra.	1,0	0,5	0,5
344	Félag einstakra	Félag einstakra, verkefnið Samherjinn.	0,5		0,0
452	Félag einstæðra foreldra	Félag einstæðra foreldra - fékk 3 m.kr. í fyrra.	20,0	3,0	3,0
241	Félag heyrnarlausra	Félag heyrnarlausra, rekstur. Fékk 4 m.kr. í fyrra.	22,6	4,0	4,0
782	Félag um foreldraþjálfun	Félag um foreldraþjálfun (áður Félag ábyrgra feðra) - fékk 1,5 m.kr. í fyrra.	3,0	1,5	1,5
550	FFA-fræðsla fyrir fatlaða og aðstandendur	Landssamtökin Þroskahjálp, fræðsla fyrir fatlaða og aðstandendur.	1,2	0,8	0,8
711	Fjölskylduhjálp Íslands	Fjölskylduhjálp Íslands. - Fékk 1,5 m.kr. í fyrra.	5,0	1,5	1,5
454	Foreldrafélag ættleiddra barna	Foreldrafélag ættleiddra barna, fræðsluefni.	2,0		0,0
346	Foreldrasamtök gegn áfengisauðglýsingum	Foreldrasamtök gegn áfengisauðglýsingum, forvarnastarfsemi.	5,0		0,0
497	Geðhjálp	Geðhjálp, málefni ungs fólks með geðraskanir.	4,5		2,0
381	Hestamiðstöð Reykjavíkur	Þjálfun og skemmtun lamaðra og fatlaðra á hestum.	5,0		0,5
412	Hjartaheill, landssamtök hjartasjúklinga	Hjartaheill, Styrktarsjóður hjartasjúklinga.	2,0		0,0
129	Hjálparstarf kirkjunnar	Hjálparstarf kirkjunnar, innanlandsstarfs. - Fékk 2 m.kr. í fyrra.	5,0	2,0	2,0
342	Hlutverk, samtök um vinnu- og verkþjálfun	Hlutverk, samtök um vinnu- og verkþjálfun - fékk 0,6 m.kr. í fyrra.	1,0	0,6	0,6
343	Höndin, mannúðar- og mannræktarsamtök	Höndin, mannúðar- og mannræktarsamtök - fékk 2 m.kr. í fyrra.	3,5	2,0	2,0
706	Katrín Oddsdóttir	Fræðslumynd fyrir börn um kynferðislegt ofbeldi.	10,0		0,0
386	Landsbyggðin lifi	Landsbyggðin lifi - fékk 1 m.kr. í fyrra.	2,2	1,0	1,0
341	Landssamband eldri borgara	Landssamband eldri borgara - fékk 5 m.kr. í fyrra.	8,0	5,0	5,0
459	Landssamtökin Þroskahjálp	Landssamtökin Þroskahjálp, rekstur - fékk 9 m.kr. í fyrra.	15,0	9,0	9,0
530	Liðsmenn Jerico	Liðsmenn Jerico, landssamtök gegn einelti.	2,0		0,0
345	MS-félag Íslands	MS-félag Íslands, aukin þjónusta við félagsmenn og aðstandendur.	6,5		0,0
201	Múlalundur	Múlalundur, húsnæðiskostnaður, fengu 2 m.kr. í fyrra.	7,0	2,0	0,0

202 Múlalundur	Múlalundur, fæði fyrir skjólstæðinga.	3,5		0,0
537 Mærastrýksnefnd Reykjavíkur	Mærastrýksnefnd Reykjavíkur - fékk 5 m.kr. í fyrra.	0,0	5,0	6,0
210 Saman - hópurinn	Saman-hópurinn, upplýsingar.	0,0		0,0
494 SAMAN-hópurinn	Saman-hópurinn, "Foreldrar eru bestir í forvörnum". Fékk 1 m.kr. í fyrra (veistu hvað	5,0	1,0	1,0
340 Samtök áhugafólks um spilafíkn	Samtök áhugafólks um spilafíkn - fengu 0,8 m.kr. í fyrra.	1,2	0,8	0,8
892 Samtökin '78	Samtökin '78, rekstrarverkefni - fengu 6,5 m.kr. í fyrra (og 1,5 á lið ráðuneytis).	8,0	6,5	6,5
410 SÍBS	SÍBS, könnun á högum félagsmanna.	2,3		0,0
339 Sjálfsbjörg, félag fatlaðra á höfuðborgarsvæðinu	Sjálfsbjörg, félag fatlaðra á höfuðborgarsvæðinu.	3,0		0,0
383 Sjálfsbjörg, landssamband fatlaðra	Sjálfsbjörg lsf., rekstur íbúða, endurbætur - fékk 4,5 m.kr. í fyrra.	5,0	4,5	4,5
384 Sjálfsbjörg, landssamband fatlaðra	Sjálfsbjörg lsf., félagsleg þjónusta við hreyfihamlað fólk.	4,0		0,0
125 Sjónarhóll ráðgjafarmiðstöð ses	Sjónarhóll ráðgjafarmiðstöð, aukinn rekstrarkostnaður.	1,8	1,5	1,5
411 Starfsefndurhæfing Hafnarfjarðar	Starfsefndurhæfing Hafnarfjarðar.	2,0		0,0
878 Sveitarfélagið Norðurþing og Skrifstofa stéttarfélagar	Samvinna og ábyrgð í málefnum innflytjenda.	2,5		0,0
799 Systkinasmiðjan	Systkinasmiðjan - fékk 0,6 m.kr. í fyrra.	0,7	0,6	0,6
380 Umsjónarfélag einhverfra	Umsjónarfélag einhverfra - fékk 1,5 m.kr. í fyrra.	3,0	1,5	1,5
414 Vernd, fangahjálp	Vernd, fangahjálp - fékk 2 m.kr. í fyrra.	3,0	2,0	2,0
385 Þorsteinn Guðbrandsson	Fræðslu- og þekkingarmiðstöð um einhverfu, stofnun og rekstur.	10,0		0,0
		<u>467,1</u>	<u>88,1</u>	<u>87,6</u>

Til ráðstöfunar samkvæmt frumvarpi  
Óúthlutað

118,4

30,8